



Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
b/t Þórunn María Bjarkadóttir
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum (146. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að ákvæði um lágmarksútsvar verði afnumið.

Viðskiptaráð fagnar frumvarpi þessu og tekur undir þau orð greinargerðarinnar að löggjafinn eigi ekki að standa í vegi fyrir því að sveitarfélög geti lækkað útsvarshlutfall sitt.

Með afnámi lágmarksútsvars sveitarfélaga er þeim gefinn kostur á að keppa innbyrðis um íbúa, bjóða upp á mismunandi þjónustuframboð og hagræða ef til þarf. Slíkt umhverfi skapar mikilvægt aðhald í rekstri og leiðir til þeirrar nýsköpunar sem fylgir samkeppni. Fyrirkomulag af þessu tagi hefur gefið afar góða raun í Sviss þar sem kantónur hafa mikið svigrúm til að skapa mismunandi skattaumhverfi og þjónustuframboð.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs